



Nefndasvið Alþingis
Allsherjar- og menntamálanefnd
Sent á umsagnargátt Alþingis

Reykjavík, 25. apríl 2025

Efni: Umsögn Samtaka iðnaðarins um frumvarp til laga um námsgögn, 255. mál.

Samtök iðnaðarins (SI) og aðildarsamtök þeirra, Samtök menntatæknifyrirtækja (IEI), hafa tekið til umsagnar frumvarp til laga um námsgögn, 255. mál. Samtökin fagna því að gert sé ráð fyrir gjaldfrjálsum námsgögnum fyrir börn og ungmenni í leik-, grunn- og framhaldsskóla. Í frumvarpinu er brugðist við nokkrum atriðum, þó ekki öllum, sem samtökin vöktu athygli á í fyrri umsögn um sama efni (222. mál, dags. 8. október 2024).¹ Vísa samtökin í eldri umsögn vegna málsins en vilja jafnframt koma eftirfarandi á framfæri.

I. Mikilvægi menntatækni í framtíðarmenntun

Samtökin sakna þess að ekki sé fjallað um menntatæknilausnir í umræddu frumvarpi. Í flestum Evrópuríkjum og innan OECD eru það ólíkir aðilar sem þróa og dreifa námsefni, þar á meðal einkafyrirtæki, sjálfseignarstofnanir, rannsóknastofnanir og háskólar. Stjórnvöld landanna bera þannig ábyrgð á að setja námskrárviðmið, tryggja aðgengi, samræma, staðfesta og styðja við fjölbreytta námsgagnaframleiðslu. Þau framleiða þó og dreifa sjaldnast námsgögn sjálf en í því samhengi sker Ísland sig úr. Í gegnum Miðstöð menntunar- og skólaþjónustu (MMS) sér hið opinbera um að setja staðla, framleiða og dreifa námsefni. Þetta skipulag kann að hafa verið gott á árum áður en samræmist síður nágildandi áherslum og skuldbindingum um samkeppni og nýsköpun í námsgagnagerð, né áherslum um einstaklingsmiðað nám.

Nú þegar eru til öflugar menntatæknilausnir sem ekki eru nýttar vegna íhaldssemi í kerfinu. Lausnir sem uppfylla strangar kröfur um persónuvernd og örugga meðhöndlun gagna. Þær hafa verið þróaðar til að bregðast við raunverulegum áskorunum í íslensku menntakerfi og eru tilbúnar til notkunar. Má þar nefna menntatækni fyrir íslenskukennslu á borð við Bara tala² og Tvík ehf³ og Atlas Primer⁴ fyrir skólastjórnendur og kennara til að sérsníða inngildandi námsefni fyrir nemendur. Einnig mætti nefna menntatæknilausnina Læsir fyrir heimalestur.⁵

II. Skortur á fjármagni til námsgagnagerðar

Fjármagn til námsgagnagerðar hefur verið af skornum skammti hér á landi og nam samanlagður stuðningur við Námsgagnasjóð og Þróunarsjóð námsgagna einungis 176 milljónum króna árið 2024. Skortur á fjárveitingum til námsgagnagerðar er í andstöðu við meginmarkmið umrædds frumvarps þar sem lögð er áhersla á aukna fjölbreytni, nýsköpun og jafnari aðgang að námsgögnum. Einnig má benda á að sama stofnun og þróar námsefni hefur umsjón með því að meta samræmi þess við námskrá og dreifa því til skóla. Slík samþjöppun torveldar aðgengi nýrra aðila að markaðinum og tryggir ekki að fjármagnið rati þangað sem þörfin er mest.

¹ [Umsögn Samtaka iðnaðarins um frumvarp til laga um námsgögn, 222. mál](#)


² <https://www.baratala.is/is>

³ <https://tvik.is/>

⁴ <https://www.atlasprimer.com/>

⁵ <https://www.skolalausnir.is/>

Framlög til Námsgagnasjóðs 2007-2021



Framlög til Þróunarsjóðs námsgagna 2008-2021



Heimild: [25 ár frá yfirlæsi grunnskólans til sveitarfélaga](#)

III. Af hverju skiptir markaðsformið máli?

Einhæf útgáfa námsefnis getur hamlað nýsköpun og dregið úr fjölbreytni í kennslu. Þegar einn opinber aðili ber ábyrgð á meginhluta útgáfu verður lítið svigrúm fyrir nýjar nálganir, staðbundnar útfærslur og ólíkar kennsluáðferðir. Menntun krefst efnis sem endurspeglar fjölbreyttan nemendahóp, ólíka menningarheima, námsstíla og félagslegar aðstæður. Virkja þarf þekkingu og nýsköpun við gerð námsgagna frá sérhæfðum aðilum sem bjóða stafrænar lausnir, einstaklingsmiðað efni og aðgengi fyrir fjölbreytta notendahópa. Ef slíkir aðilar fá ekki aðgang að kerfinu dregur það úr möguleikum á nútímalegu og fjölbreyttu námsefni. Um þetta er mikill samhljómur en því til stuðnings benda samtökin á könnun Menntamálastofnunar frá 2024 meðal kennara og skólastjórnenda. Kom þar fram að 65% sverenda töldu samvinnu hins opinbera og einkaaðila við gerð námsgagna mikilvæga. Þessar niðurstöður undirstrika mikilvægi þess að notast við styrkleika beggja aðila, ríkis og einkaaðila, til að tryggja gæði og fjölbreytileika í námi.

Þá benda samtökin auk þess á skýrslu starfshóps mennta- og barnamálaráðuneytisins frá árinu 2024, „Fjölbreytt námsgögn“. Kom þar skýrt fram að kennarar og skólastjórnendur kalla eftir aukinni fjölbreytni í námsefni. Þar segir að rík áhersla sé lögð á að námsefni endurspegli betur þarfir mismunandi nemendahópa og að boðið verði upp á efni frá fleiri aðilum en þeim opinberu. Skólasamfélagið upplifir ákveðna einsleitni í núverandi efni og vill aukið svigrúm til að nýta nýsköpun og sérsníðið efni í kennslu. Í niðurstöðum skýrslunnar má sjá að margir telji að núverandi fyrirkomulag hamli bæði sveigjanleika og framþróun. Sérstaklega er bent á að fagfólk í skólum sé vel í stakk búíð til að meta gæði og notagildi efnis og því eigi þau að fá meira sjálfstæði við val og aðlögun námsefnis að eigin nemendahópum.⁶

IV. Skilgreining á námsgögnum í iðn- og tæknigreinum

Samtökin benda á að þörf er á að skýra betur hvað fellur undir skilgreininguna námsgögn í umræddu frumvarpi. Óljóst er hvort eingöngu sé átt við bóklegt efni eða rafræn gögn eða hvort verklegur búnaður sem notast er við í iðn- og tækninámi fellur einnig undir gjaldfrjálsan aðgang. Í mörgum iðngreinum eru námsgögn bæði sérhæfð og kostnaðarsöm, t.d. verkfæri, prófunartæki, efni og búnaður sem nemendur þurfa til að ljúka námi og öðlast starfsréttindi.

Það þarf, að mati samtakanna, að vera skýrt tekið fram að undir námsgögn í umræddu frumvarpi fellur einnig verklegur búnaður nemenda í iðn- og tækninámi. Tryggja þarf að fjárveitingar endurspegli raunverulegan kostnað allra nemenda, óháð námsbrautum.

⁶ [Fjölbreytt námsgögn - skýrsla starfshóps 2024](#)




VII. Lokaorð

Ísland hefur löngum verið stolt af öflugu menntakerfi. Hlutverk ríkisins við að tryggja aðgengi og gæði hefur verið lykilþáttur í árangri kerfisins. En sú miðstýring við námsgagnagerð sem áður var styrkur hamlar nú þróun. Með breyttum þörfum, fjölbreyttari nemendahópum og áherslu á persónulegt nám, þarf kerfið að þróast í átt að meiri sveigjanleika.


Að lokum ítreka samtökin að þörf er á bættri skilgreiningu á gjaldfrjálsum námsgögnum í umræddu frumvarpi hvað iðn- og tækninám varðar.

Virðingarfyllst,

f.h. Samtaka iðnaðarins


Hulda Birna Kjærnested Baldursdóttir
verkefnastjóri í mennta- og mannauðsmálum SI

f.h. Samtaka menntatæknifyrirtækja


Íris E. Gísladóttir, formaður IEI